

Nafn á umsögn (tilvísun í verkefni sem umsögn á við):

Nýbygging Hrafnagilsskóla, markmið og áherslur sveitarstjórnar

Nafn umsagnaraðila (einstaklings eða samtaka/hóps):

Leikskólastjóri og deildastjórar í Krummakoti

Nafn innsendanda (ef sent er inn fyrir hönd samtaka/hóps):

Inga Vala Gísladóttir

Umsögn:

Nýbygging Hrafnagilsskóla, markmið og áherslur sveitarstjórnar Umsögn frá leikskólastjóra og deildastjórum Krummakots Í greinargerð kemur fram að “nýbygging við Hrafnagilsskóla muni á næstu árum hýsa sameinaða stofnun grunn- og leikskóla sveitarfélagsins”. Að okkar mati er helst til bratt að setja slíka fullyrðingu fram án þess að nokkur umræða um slíka sameiningu hafi átt sér stað, allavega ekki innan skólasamfélagana. Eigi að skoða sameiningu þarf að fara fram greiningarvinna á kostum og göllum þess að sameina þessar stofnanir, markmið sem eiga að nást við sameiningu þurfa að vera alveg skýr og eins þarf vanda alla þróunarvinnu og gefa í hana góðan tíma. Í greinargerð kemur fram að “gengið er út frá því að stofurnar breytist með hækkandi aldri nemenda og elsta deild leikskóla sé þannig farin að líkjast að auknu magni umhverfi grunnskóla...”. Þessu erum við ósammála þar sem megin þróunin síðustu árin hefur verið að kennslustofur grunnskóla taki meira mið af kennslurýmum leikskóla. Í greinargerð er þeirri spurningu velt upp hvort þörf sé fyrir sérstakan listaskála í leikskólahlutanum eða hvort vel fari á því að samnýta slíkt rými innan grunnskólans. Við teljum að sér listaskáli innan leikskólahlutans myndi nýtast mun betur þar sem nemendur leikskólans hefðu þá aðgengi að því rými á hverjum degi og hægt væri að vinna að verkefnum án þess að vera bundin að tímaramma stundaskráa grunnskólans. Skoða þarf betur hvort það henti ekki starfsemi skólanna betur að hafa stjórnenda- og starfsmanna aðstöðu á neðri hæð og mögulega kennslustofur fyrir unglingastig á nýrri efri hæð.